

# Íslenskur iðnaður

11. tölublað 16. árg.

Nóvember 2010

Samtök iðnaðarins

SI

## Upphafi Árs nýsköpunar fagnað í húsakynnum Marels



Helgi Magnússon, formaður SI, Grímur Sæmundsson, framkvæmdastjóri Bláa lónsins og forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson

Samtök iðnaðarins ýttu úr vör átaksverkefninu Ár nýsköpunar – frumkvæði, fjárfesting, farsæld með stórum fundi sem haldinn var í Marel föstudaginn 29. október. Ríflega 300 manns úr atvinnulífi, stjórnsýslu og stoðumhverfi nýsköpunar komu og fögnuðu saman upphafi átaksins.

Helgi Magnússon, formaður SI setti fundinn og þakkaði við það tækifæri forstjóra Marel og starfsfólki fyrirtækisins fyrir að hýsa viðburðinn. Hann afhenti Vilborgu Einarsdóttur fundarstjórn og lauk ávarpi sínu með þeim orðum að

### ÁR NÝSKÖPUNAR

Íslendingar yrðu að ákveða hvort þeir ætluðu upp eða niður. Samtök iðnaðarins veldu leiðina upp!

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, var sérstakur gestur fundarins og fjallaði í ræðu sinni um mikilvægi nýsköpunar sem auðlind í hagkerfi nýrrar aldar og sagðist vona að Ár ný-



Árni Oddur Þórðarson, Andri Þ. Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar og Sigsteinn G. Grétarsson, forstjóri Marels

sköpunar yrði til að efla bjartsýni og sóknarhug Íslendinga. Nánari umfjöllun og ræður framsögumanna er á finna á [www. si.is](http://www.si.is)

bls. 2

Nýsköpun í matvælaíðnaði byggð á gömlum hefðum

bls. 3

Skúla-verðlaunin 2010

bls. 5

MNÍ Fjöreggið 2010

bls. 7

Aukin þörf fyrir lítið húsnæði

bls. 8

Atvinnuleitendur í tækni-greinar

# Nýsköpun í matvælaíðnaði byggð á hefðum



Ragnheiður Héðinsdóttir  
forstjóri matvælasviðs SI

Matvælaframleiðendur gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Í núverandi efnahagsástandi hafa íslenskir framleiðendur lagað sig að breyttum aðstæðum til að geta boðið vörur á lægra verði til að mæta þörfum neytenda. Á sama hátt þarf matvælaíðnaðurinn að vera viðbúinn að bregðast við aukinni eftirspurn og kröfum um verðmætari vörur þegar efnahagslífið réttir aftur úr kútnum. Lykillinn að sveigjanleika og aðlögun að sveiflukendum aðstæðum er nýsköpun. Endurbætur á vörum, umbúðum, verkferlum og þjónustu er fyrirtækjum lífsnauðsynlegt til að halda samkeppnisstöðu á síbreytilegum markaði.

## Nýsköpun byggist á þekkingu

Flest matvælaframtækni á Íslandi eru lítil eða í mesta lagi meðalstór í alþjóðlegum samanburði. Þau hafa takmarkaðan aðgang að sérfræðiþekkingu innan sinna eigin veggja og þurfa því að reiða sig á utanaðkomandi þekkingu til að geta stundað öflugna nýsköpun. Mikil krafa er gerð um hollustu og því þarf að taka tillit til ráðlegginga um mataræði. Og umfram allt þarf maturinn að vera bragðgóður. Því er mikilvægt að þau hafi aðgang að sérfræðingum með fjölbreytta þekkingu s.s. á sviði vöruþróunar, næringar, framleiðslutækni og markaðssetningar.

## Samstarf ólíkra fagsviða hvetur til nýsköpunar

Þróunarvettvangar á sviði matvæla byggjast á því að tengja saman þekkingu úr ýmsum greinum sem tengjast mat-

vælaframleiðslu, s.s. matvælafræði, næringar, framleiðslutækni, rekstrar, markaðssetningar og stjórnsýslu. Þeir hafa það að markmiði að efla nýsköpun í matvælaframleiðslu til aukinna lífsgæða fyrir neytendur. Þróunarvettvangar á sviði matvæla á öllum Norðurlöndunum hafa unnið saman að því undanfarn tvö ár að skilgreina leiðir til að auka framboð hollra máltíða í skólum. Verkefnið hefur leitt í ljós að lykiltríði til að ná árangri er samstarf ólíkra fagsviða. Þekking iðnaðar, skólastjórnenda, matreiðslufólks, opinberra innkaupastofnana, lýðheilsuyfirvalda, foreldra og nemenda þarf að koma saman til að hægt sé að tryggja að börnum líki maturinn og hann sé jafnframt bæði næringarrík og á viðráðanlegu verði.

## Íslenskur matur um jólin

Senn líður að jólum og hver getur hugsað sér jólin án íslenskra matvæla? Hangikjöt og laufbrauð, flatkökur, smákökur, hamborgarhryggur, grænar baunir, rauðkál, kók og malt og appelsín. Þeim Íslendingum fer fækkandi sem muna eftir því þegar amma fór á fætur löngu fyrir dögun á laufbrauðsdaginn til að hnoða laufabrauðsdeigið svo stórfjölskyldan gæti sameinast í laufbrauðsskurði. Þegar mamma bakaði flatbrauð fyrir jólin og hangikjötið var sótt út í reykkofa á Þorláksmessumorgun. Fyrir flesta eru þessir tímar liðnir. Íslenskur matvælaíðnaður hefur leyst þessi heimilisstörf af hólmi. Það hefur ekki komið af sjálfu sér. Nýsköpun felst í því að laga heimilisiðnað fyrri tíma að nú-

tímatækni og fjöldaframleiðslu. Framleiðsla kjötvinnslufyrirtækja á hangikjöti og hamborgarhrygg er byggð á hefðbundnum aðferðum en löguð að þörfum og smekk nútímabólks. Öflug og stórvirk brauðgerðarframtækni hafa leyst ömmu af hólmi við að hnoða og fletja út laufbrauðið, samkvæmt aldagömlum uppskriftum, en fjölskyldur landsins geta enn sameinast við að skera það út eftir eigin hugmyndum. Fáir vildu vera án rauðkál og grænna bauna með jóla-steikinni en fæstir standa í því nú til dags að leggja í bleyti og sjóða grænar baunir eða sjóða niður rauðkál. Matvælaíðnaðurinn sér um það.

## Kynnumst matvælaframleiðslu

Íslenskir matvælaframleiðendur taka höndum saman um að kynna íslenska matvælaframleiðslu í aðdraganda jólaanna. Kjötiðnaðarmeistarar úrbeina hangikjöt í Vetrargarðinum í Smáralind fyrstu helgina í desember, sem kjötiðnaðarframtækni gefa síðan mæðrastyrksnefnd til úthlutunar fyrir jólin. Kaffibrennslur taka á móti gestum á meðan starfsmenn þeirra pakka jólakaffinu sem síðan ratar inn á heimili landsmanna. Í bakaríum verður tekið á móti gestum með kaffi og smákökum svo fátt eitt sé nefnt.

Svo er fagþekkingu, nýsköpun og þróun í íslenskum matvælaíðnaði fyrir að þakka að við getum notið hefðbundins jólamatar með takmarkaðri fyrirhöfn.



## Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna [www.si.is](http://www.si.is) Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið [rakel@si.is](mailto:rakel@si.is)



Lagasmíðurinn  
Ólöf Arnalds



**ÁR NÝSKÖPUNAR**  
FRUMKVÆÐI - FJÁRFESTING - FARSÆLD

*Svipmyndir úr Marel*

Kristrún Heimisdóttir, Árni Páll Árnason  
og Vilhjálmur Egilsson



Kristín Sigfríður Garðarsdóttir Skúlaværðlaunahafi og  
Orri Hauksson framkvæmdastjóri SI

## Skúlaværðlaunin

**Kristín Sigfríður Garðarsdóttir** hlaut Skúlaværðlaunin 2010 fyrir ný glös á fæti á sýningunni **HANDVERK OG HÖNNUN** í Ráðhúsinu. Glasið er viðbót við glerlínu Kristínar sem hefur fengið nafnið diskó. Í diskólínunni eru nú fjórar gerðir af glös-um, þrjár gerðir af skálum og karafli.

Verðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og afhenti Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, þau.

Skúlaværðlaunin eru veitt fyrir besta nýja hlutinn. Rúmlega fjörutíu tillögur bárust að þessu sinni frá 29 aðilum. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smáíðnaðar í Reykjavík.

Faglega valnefnd skipuðu Friðgerður Guðmundsdóttir vöruhönnuður, Karólína Einarsdóttir leirlistamaður og vöruhönnuður og Halla Bogadóttir gullsmíður. Niðurstaðan var að veita eina viðurkenningu auk Skúlaværðlaunanna. Þau hlaut Margrét Guðnadóttir fyrir verkið „Sprelli Gnarr“. Kveikjan að verkinu er setning sem höfð var eftir núverandi borgarstjóra Jóni Gnarr sem voru: „Það er allt í lagi að vera með fíflgang ef það fer ekki út í sprell“.

Mikill fjöldi lagði leið sína á sýninguna sem haldin var í fimmta sinn. Rúmlega 60 listamenn sýndu fjölbreytt íslenskt handverk, listiðnað og hönnun á sýningunni, og hefur gróskan og fjölbreytnin aldrei verið meiri.



Hljómsveitin Útidúr

### 10% afsláttur af opnum námskeiðum

Opni háskólinn þjónar atvinnulífinu með fjölbreyttu framboði öflugra námsleiða undir leiðsögn innlendra og erlendra sérfræðinga. Rúmlega 500 námskeið eru á námskrá Opna háskólans og um 280 leiðbeinendur koma að kennslu, bæði fræðimenn HR og kennarar erlendra samstarfsháskóla auk sérfræðinga úr íslensku atvinnulífi. Sjá nánar á [www.opnihaskolinn.is](http://www.opnihaskolinn.is)





## Fyrsta skóflustungan

Fyrsta skóflustungan var tekin að nýrri kersmiðju Alcoa Fjarðaáls við Reyðarfjörð í október en stefnt er að því að hún verði tilbúin í ársbyrjun 2012. Heildarfjárfesting vegna kersmiðjunnar er áætluð um 3,5 milljarðar króna. Meðan á framkvæmdatíma standur munu 60-80 manns að jafnaði vinna við bygginguna en um 160 þegar umsvifin verða í hámarki. Rekstur kersmiðjunnar mun skapa um 70 ný störf til frambúðar. Þetta er til viðbótar þeim 800 störfum sem þegar eru til staðar á álverssvæðinu við Reyðarfjörð.

Verkfræðistofan Hatch hefur umsjón með byggingunni fyrir Fjarðaál í samstarfi við verkfræðifyrirtækið HRV. Ýmsir fleiri innlendir aðilar munu koma að verkinu. Samið hefur verið við Tandraberg á Eskifirði um jarðvinnu við kersmiðjuna og verið er að ganga frá samningum við aðra verktaka um næstu áfanga verksins.

Kersmiðjan skiptist í þrjú hluta, þ.e. kerfóðrunarbyggingu, kerbrotabyggingu og skrifstofubbyggingu. Flatarmál bygginganna verður samtals rúmlega fjögur þúsund fermetrar.

Ál er framleitt í 336 kerum í álveri Fjarðaáls og þau þarf að endurnýja á 5-7 ára fresti. Í nýju kerfóðrunarbyggingunni verður mögulegt að fódra þrjú ker í einu. Þar verður einnig svæði til að kæla ker, viðgerðaraðstaða og geymslusvæði fyrir ýmsan búnað. Í kerbrotabyggingunni verða kerin hreinsuð og kerbrotunum komið fyrir í gámum. Þau verða send í endurvinnslu til Bretlands þar sem þau enda sem hráefni í sement.

## Frumtak fjárfestir í Mentor



**Frumtak** hefur fest kaup á hlut í Mentor ehf. Mentor var stofnað árið 1990 og hefur frá upphafi unnið með grunnskólum og er því komið með 20 ára reynslu af þróun og rekstri upplýsingakerfa.

Dr. Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtaks segir sjóðinn vænta mikils af Mentor, þarna séu tækifæri sem hægt er að nýta með því fjármagni sem fyrirtækið fær með hlutafjárukningunni. Framkvæmdastjóri Mentors, Vilborg Einarsdóttir tekur í sama streng. „Samstarf Mentors og Frumtaks gerir fyrirtækinu kleift að sækja fram af krafti í sölu og markaðssetningu á erlendum vettvangi auk þess að efla Mentor kerfið sem nýtist jafnt erlendum sem og íslenskum skólum og íþróttafélögum.“

Mentor sameinaðist sænska fyrirtækinu

P.O.D.B. árið 2007 en erlendis er fyrirtækið rekið undir nafninu InfoMentor.

Fyrstu árin voru það eingöngu grunnskólar sem nýttu kerfið en árið 2001 kom fyrsta útgáfan fyrir leikskóla og sveitarfélög. Í dag er Mentor heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir alla sem starfa með börnum í skólum og tólmundastarfi. Mentor er notað í fjórum löndum og auk höfuðstöðvanna á Íslandi er fyrirtækið með skrifstofu í Svíþjóð þar sem 18 starfsmenn vinna við ráðgjöf, sölu og þjónustu við sænska viðskiptavinum. Á Íslandi starfa 23 starfsmenn þar af eru fjórtán tölvunarfræðingar sem vinna við þróun kerfisins. Mentor áætlað að setja upp starfsstöð í Sviss í byrjun árs 2011 fyrir þýskumælendi markað. Sjá nánar á [www.si.is](http://www.si.is).



## Ný samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

**Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja** voru nýlega stofnuð innan Samtaka iðnaðarins. Markmið þeirra er að vinna að hagsmunamálum matvælafyrirtækja sem vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum. Helsti hvatamaður að stofnun hópsins er Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, sem nýlega hóf störf fyrir Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Mæting á stofnfundinn var góð og margir lýstu yfir ánægju sinni með að hafa þennan vettvang til að starfa að

sameiginlegum hagsmunamálum. Eftirtaldir voru valdir í stjórn á stofnfundi: Guðni Ágústsson, formaður, Sigurður Jóhannesson, varaformaður, Einar Sigurðsson, Gunnar Gíslason og Magnús Freyr Jónsson, meðstjórnendur. Eitt af fyrstu verkefnum hópsins verður að skoða alla möguleika til að auðvelda fyrirtækjum aðlögun að nýjum matvæla- lögum en ákvæði um eftirlit með fyrirtækjum, sem vinna úr dýraafurðum, taka gildi 1. nóvember 2011.



# Ólafur Reykdal hlaut Fjöreggið 2010



**Ólafur Reykdal matvælafræðingur** hjá Matís hlaut Fjöreggið 2010 fyrir rannsóknir sem stutt hafa við nýsköpun og frumkvöðlastarf við ræktun, vinnslu og framleiðslu á afurðum úr byggi til manneldis. Þar til fyrir skemmstu var íslenskt bygg einkum notað í skepnufóður en fyrir tilstuðlan rannsókna Ólafs var farið að nýta byggið í matvæli sem eykur verðmæti þess verulega. Vaxandi áhugi er á notkun byggs í matvæli en auk þess að vera góður trefjaefnagjafi inniheldur bygg mikið af svokölluðum betaglúkónum sem eru þekktir fyrir að stuðla að lækun kólesteróls í blóði og draga úr blóðsykursveiflum.

Ólafur veitti verðlauninum viðtöku úr hendi Orra Haukssonar, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins og formanns dómnefndar en Samtökin gáfu verðlaunagripinn, glerlistaverk frá Gleri í Bergvík. Við það tækifæri sagði Ólafur að

auk þeirra matvara sem þegar eru komnar á markað komi fleira í kjölfarið sem enn megi ekki segja frá. Hann taldi marga hafa komið að rannsóknum á byggi til manneldis og þakkaði samstarfsfólki, Landbúnaðarháskólanum, bændum og Framleiðnisjóði landbúnaðarins gott samstarf.

Auk Ólafs hlutu eftirtalin tilnefningu til Fjöreggsins: Mjólkursamsalan fyrir Fjöröst, umhverfisvæna nýsköpun og nýjan valkost í mögrum mjólkurafurðum, Lýsi hf. fyrir að vaxa og dafna á grundvelli stöðugar vöru- og markaðsþróunar, Matvælafræðingurinn hjá Rannsóknarþjónustunni Síni ehf. fyrir víðtækt námsframboð fyrir starfsmenn í matvælafræðingum og mótuneytum og Saffran veitingastaður fyrir að vera heilsusamlegur valkostur á veitinga- og skyndibitamarkaðnum, sem hefur náð til ungs fólks og notið vinsælda allt frá opnun.

## Bakaranemi við MK hreppti silfurverðlaun

**Nemandi** úr Hótel- og matvælafræðingum í MK sýndi fráþæran árangur í árlegri nemaþekppi Evrópusamtaka hótél- og ferðamálafræðingum sem haldin var í Lissabon í október og hreppti silfurverðlaun í eftirréttagæð. Nemaþekppin er liðakeppi þar sem dregnir eru saman þátttakendur frá ólíkum löndum sem síðan spreya sig á verkefnum tengdum áherslusviðum þeirra í námi.

Andri Kristjánsson, bakaranemi, keppti í eftirréttagæð ásamt stúlku frá Lettlandi. Verkefni þeirra var að útbúa fjórar tegundir af eftirrétum. Andri byrjaði á að taka einstaklingspróf í faginu og að því loknu fengu þau þrjá og hálfan tíma til að útbúa fjóra eftirrétti og bera fyrir dómnefnd. Þau fengu silfurverðlaun fyrir sitt framlag, en dæmt er m.a. eftir bragði og útliti, fagmennsku í vinnubrögðum og samvinnu keppenda.



## Tilkynna þarf flokkun og merkingu hættulegra efna

**Nú stýttist í að ný** reglugerð um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna taki gildi. Gerð verður grundvallarbreyting á merkingunum sjálfum en einnig verður breyting á ábyrgð með flokkun efna á markaði. Ábyrgðin færir frá yfirvöldum til atvinnulífsins. Lykilatriði í því sambandi er tilkynning í flokkunar- og merkingaskrá sem er á ábyrgð þeirra sem setja efni á markað á Evrópska efnahagssvæðinu, hvort sem það er eitt og sér eða hluti af blöndu. Íslensk fyrirtæki eiga að flokka efni samkvæmt nýjum reglum og tilkynna þegar það á við til Efnastofnunar Evrópu í Helsinki. Frestur til að tilkynna rennur út 3. janúar 2011 fyrir vörur sem eru á markaði 1. desember 2010.

Tilkynningaskyldan nær til efna sem falla undir hættuflokkun samkvæmt ákvæðum nýju reglugerðarinnar. Þeir sem annaðhvort framleiða eða flytja inn efni og efnablöndur frá löndum utan EES þurfa að skoða hvort tilkynna þurfi þeirra efni. Þeir sem flytja inn vörur frá löndum utan EES ættu að athuga sérstaklega hver staða þeirra er. Innflytjendur eiga að geta nálgast upplýsingar um einstök innihaldsefni í vörum frá birgja eða framleiðanda og því er í fæstum tilfellum þörf á að leggja út í mikla vinnu við tilkynningu.

Haldinn var kynningarfundur um málið í nóvember og hægt er að nálgast upplýsingar sem þar komu fram á vef Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is).



## Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
11. tbl. 16. árg. Nóvember 2010  
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 17.11.2010  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán  
Útgafandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,  
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson  
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir  
Málfar: Rákel Pálsdóttir og Ingi Bogi Bogason  
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmilum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmilamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

## Viðskiptatækifæri fyrir umhverfistæknifyrirtæki

**Þann 9. nóvember** var haldinn vel sóttur morgunverðarfundur á vegum Íslandsstofu og Clean Tech Iceland (CTI) - samtök íslenskra umhverfistæknifyrirtækja.

Farið var yfir hlutverk samtakanna, þjónusta nýstofnaðrar Íslandsstofu kynnt sem og nýtt útflutningsmarkaðsverkefni fyrir umhverfistækni sem hefst í lok mánaðarins. Um 15 íslensk fyrirtæki eru í samtökunum sem stofnuð voru þann 1. júní sl. Aðalræðumaður fundarins var fulltrúi Green Business Norway (GBN), samtaka sem samanstanda af yfir fjörtíu umhverfistæknifyrirtækjum. Í máli hans kom m.a. fram að samstarf á milli fyrirtækja væri mikilvægur þáttur þegar hugað væri að markaðssetningu erlendis.

Í kjölfarið hittist stjórn CTI og GBN á vinnufundi þar sem ákveðið var að kanna möguleika á nánara samstarfi með aðkomu allra Norðurlandanna. Mikil tækifæri liggja í umhverfistækni fyrir íslensk fyrirtæki á erlendum vettvangi og er það von stjórnar CTI að sem flest umhverfistæknifyrirtæki sjái hag sinn í því að ganga í samtökin og leggja sín lóð á vogarskálarnar.



### Umhverfistækni til útflutnings

**Clean Tech Iceland og Íslandsstofa** standa fyrir handleiðsluverkefni fyrirtækja sem stefna að útflutningi á umhverfistækni. Tilgangur verkefnisins er að undirbúa og aðstoða umhverfistæknifyrirtæki við að markaðssetja tilbúna vöru erlendis. Verkefnið er klæðskerasaumað og tekur mið af þörfum fyrirtækja.

Þátttökugjald er 50.000 kr. en ef fleiri en einn koma frá sama fyrirtæki er þátttökugjaldið 25.000 kr. fyrir viðbótarsæti. Innifalið í verði er allt sem tengist vinnufundunum fjórum og 10 tíma ráðgjafavinnu á þeim mörkuðum sem viðskiptafulltrúar starfa. Verkefnið hefst 30. nóvember. Skráning þarf að berast fyrir 22. nóvember á netfangið [andri@islandsstofa.is](mailto:andri@islandsstofa.is).



### Hagræðing í orkunotkun

**Á ráðstefnu um orkunýtni í byggingum** kom fram að ná má mikilli hagræðingu með því að skoða orkunotkun bygginga, minnka sóun á orku og stýra notkun.

Hér á landi hefur ekki farið mikið fyrir umræðu um orkunýtni og orkusparnað. Þessi málaflökkur hefur hins vegar verið ofarlega á baugi erlendis. Norðurlöndin hafa verið þar í fararbroddi og Evrópusambandið hefur sett fram markmið um allt að 20% orkusparnað árið 2020 m.v. árið 2006.

Skilningur á mikilvægi þessa máls er að aukast hérlendis og þann 11. nóvember stóð iðnaðarráðuneytið fyrir ráðstefnu um orkunýtni í byggingum í samstarfi við Orkustofnun, Orkusetur, Iðntæknistofnun, Neytendastofu og Samtök iðnaðarins. Ráðstefnan var vel sótt og þar kom glögglega fram að margir möguleikar eru til að spara orku og nýta hana betur og koma þannig í veg fyrir sóun náttúruauðlinda.

Meðal fyrirlesara var Andrés Þórarinnsson frá verkfræðistofunni Vista, sem sýndi fram á að með því að kortleggja orkunotkun í húsnæði og gera úrbætur sem kosta lítið, má spara mikla fjármuni. Nefndi hann sérstaklega einföld atriði eins og að slökkva ljós þegar ekki er þörf á lýsingu og stilla ofna þannig að ekki sé full kynding að næturlagi. Ragnar Gunnarsson frá ICEconsult greindi frá svipuðum niðurstöðum. Tók hann dæmi af 11 byggingum í eigu sama aðila. Árið 2007 þegar fyrirtækið hans fór yfir orkunotkun í byggingunum var orkusóun í þeim um 60% yfir viðmiðunarmörkum. Ári síðar var þessi sóun komin niður í 28% og árið 2009 var sóunin komin niður í 12%. Í þessu dæmi var sparnaður eigandans um 3,5 milljónir króna á ári. Einnig var fjallað um varmadælur og þá miklu möguleika sem leynast víða um land til notkunar á þeim, sérstaklega á svokölluðum köldum svæðum, þar sem ekki er aðgangur að jarðhitavatni til kyndingar. Nálágast má kynningar frá ráðstefnunni á heimasíðu Iðnaðarráðuneytis.

Helstu niðurstöður ráðstefnunnar eru að eftir miklu sé að slæggjast þegar kemur að betri nýtingu orku hér á landi, og á það jafnt við um heitt vatn sem raforku. Með bættri orkunýtni er stuðlað að betri nýtingu orkuauðlindanna og orku sem sparast má nýta til atvinnuuppbyggingar.

# Aukin þörf fyrir lítið húsnæði

Þrátt fyrir að aðstæður í efnahagslífinu séu um margt erfiðar segir Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI, að veruleg undirliggjandi þörf sé á vissum tegundum fasteigna. Bjarni Már hélt erindi um byggingaþörf og mannfjöldapróun á ráðstefnu Félags byggingafultrúa en Samtök iðnaðarins voru einn samstarfsaðili ráðstefnunnar.

Bjarni Már segir að þróun fasteignamarkaðarins skipti ákaflega miklu máli í efnahagslífinu. „Uppistaðan í eignum almennings er íbúðahúsnæði og þar liggja jafnframt skuldarnar. Bygging, hönnun og viðhald húsnæðis er mikilvægur þáttur í atvinnustarfseminni. Þróun þessa markaðar snertir alla með ýmsum hætti“.

Í máli Bjarna kom fram að til skemri tíma ræðst þróun fasteignamarkaðarins að mestu af efnahagslegum þáttum. „Verðið á húsnæði skiptir augljóslega mestu en ekki síður vextir, aðgengi að



Bjarni Már Gylfason  
hagfræðingur SI

fjármagni, byggingakostnaður og kaupmáttur. Væntingar spila einnig stórt hlutverk og ljóst að spár undanfarin misseri um lækkanði húsnæðisverð hafa beinlínis áhrif til samdráttar á markaðnum. Ef við horfum hins vegar á þennan markað út frá lýðfræðilegum sjónarhóli, s.s. mannfjölda, fólksfjölgun og aldursdreifingu, blasir mun jákvæðari mynd við“, segir Bjarni.

Allir þurfa þak yfir höfuðið, óháð efnahagsástandi. Óhjálkæmlegt samband er milli íbúðafjölda og íbúðafjölda. „Aldurs-samsetning hverju sinni getur haft veruleg áhrif á nýbyggingar. Mikill gangur var í nýbyggingum á áttunda áratug síðustu aldar. Skýrðist það einkum af fjölgun barneigna upp úr 1950. Röskum tuttugu árum síðan kom þessi bylgja fólks inn á fasteignamarkaðinn með tilsvarendi uppsveiflu á markaðnum. Ef horft er aftur í tímann má rekja nokkrar uppsveiflur á fasteignamarkaðnum til aukinnar fólksfjölgunar 20-30 árum áður“.

Árin 1986 og 1987 var mjög kröftugur hagvöxtur í landinu af því að landsmenn greiddu engan tekjuskatt seinna árið. Fæðingartíðni var í lágmarki enda er neikvæð fylgni milli hagvaxtar og fólksfjölgunar. Bjarni segir að næstu árin þar á eftir hafi hins vegar hafist langvinn efnahagskreppa og fólksfjölgun jókst verulega. „Árgangar sem fæddir eru 1989 og næstu árin þar á eftir eru óvenju fjölmennir. Þessir hópar eru nú að nálgast þann aldur þegar fólk kaupir sína fyrstu íbúð. Þótt eitthvað sé til af ónýttu húsnæði á markaðnum er ljóst að það mætir illa þörf nýrra kaupenda. Ég tel að það sé mikil undirliggjandi þörf á litlu og ódýru húsnæði til að mæta þörfum þessa fólks og raunar staðfesta ýmsir verktakar og fasteignasalar það. Eina leiðin er að hefja nýbyggingar í takt við þessar þarfir“, segir Bjarni.

## Meistarafélag húsmiðna gengur til liðs við IÐUNA



**Samtök iðnaðarins og Meistarafélag húsmiðna** gengu frá kaupum þeirra síðarnefndu á tilteknum hlut SI í IÐUNNI fræðslusetri. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI, og Baldur Þór Baldvinsson, formaður MH, undirrituðu samninginn. Baldur og Orri eru sammála um að á erfiðum tímum sé það byggingariðnaðinum mikilvægt að standa þétt saman í

menntamállum. Að sögn Hildar Elínar Vignir, framkvæmdastjóra IÐUNNAR, gefur samningurinn byggingariðnaðinum tækifæri til þess að efla endurmenntun í greininni.

Fulltrúi MH tekur sæti í stjórn IÐUNNAR frá og með næsta aðalfundi.

### Skattskil vegna bifreiða 2010

Samtök iðnaðarins hafa tekið saman leiðbeiningar um skattskil vegna bifreiða sem eru eingöngu aðgengilegar á vef Samtakanna [www.si.is/útgáfumál](http://www.si.is/útgáfumál) skýrslur og rit.

# Atvinnuleitendur í tæknigreinar



Guðrún Sævarsdóttir og Ingunn Sæmundsdóttir eru í forsvari fyrir aðfaranáminu

Um 30 nemendur þreyta nú aðfaranám í tæknigreinar við Háskólann í Reykjavík, tíu konur og tuttugu karlar.

Samtök iðnaðarins hafa í haust verið í samstarfi við Vinnumálastofnun, háskólana og tækni- og hugverkafyrirtæki um átak í menntun einstaklinga í tækni- og raungreinum. Mikil eftirspurn er eftir fólki með slíka menntun og á eftir að aukast enn frekar á næstu árum. Gert er ráð fyrir að innan hugverкаиðnaðar þurfi á næstu þremur árum um 3.000 nýja tæknimenntaða einstaklinga á íslenskan vinnumarkað. Hefðbundnar verk- og

tæknigreinar, s.s. málmiðnaður og rafíðnaður, hafa einnig þörf fyrir verulega fjölgun tæknimenntaðra.

Um er að ræða námsúrræði sem helst er beint til ungra atvinnuleitenda. Það felur í sér stuðning til náms yfir eitt skólaár og nær sá stuðningur yfir frumgreinanám og B.Sc. nám.

Háskólinn í Reykjavík, sem er þátttakandi í verkefninu, hefur gert samning við Vinnumálastofnun um að taka á móti allt að 30 nemendum í tiltekið námskeið. Um er að ræða aðfaranám við þrjár deildir skólans: tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og frumgreinasvið Opna háskólans.

Þátttakendur eru atvinnuleitendur, ungt fólk, sem ýmist hefur lokið stúdentsprófi eða ekki. Konur eru um þriðjungur hópsins. Meðal nemenda eru þrír rafeindavirkjar sem hyggja á háskólanám sem hátæknigeirinn hefur þörf fyrir.

Að sögn Ingunnar Sæmundsdóttur, dósents við tækni- og verkfræðideild HR, felur námskeiðið í sér upprifjun í námstækni og greinum sem eru undirstaða náms í verk- og tæknigreinum.

## Staðall um samfélagslega ábyrgð

Þann 1. nóvember kom út nýr alþjóðlegur staðall um samfélagslega ábyrgð, ISO 26000, hjá Alþjóðlegu staðlasamtökunum, ISO. Staðalsins hefur verið beðið með meiri eftirvæntingu en venja er um nýja staðla.

Staðallinn er einstakur að því leyti að hann endurspeglar viðtækt alþjóðlegt samkomulag um það hvað samfélagsleg ábyrgð er og hvaða þáttum fyrirtæki og stofnanir þurfa að taka á til að starfa á samfélagslega ábyrgan hátt. Þessir þættir eru eftirfarandi:

- Stjórnunarhættir fyrirtækis/stofnunar
- Mannréttindi og minnihlutahópar
- Vinnumál og starfsumhverfi
- Umhverfismál
- Sanngjarnir viðskiptahættir
- Neytendamál
- Samfélagsþátttaka og þróun

Staðallinn á að gagnast alls konar fyrirtækjum og stofnunum, óháð stærð þeirra, starfssviði og staðsetningu. Hann veitir leiðbeiningar um framangreinda þætti, auk þess sem helstu hugtök eru skilgreind og samfélagsleg ábyrgð er sett í samhengi við sjálfbæra þróun, alþjóðlega sáttmála og efnahagskreppur.

Staðallinn ISO 26000 er leiðbeiningastaðall og ekki er ætlast til að fyrirtæki séu vottuð samkvæmt honum. Notkun hans er valfrjál, eins og almennt gildir um staðla. Sjá nánar á [www.iso.org](http://www.iso.org).

Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands

## Námskeið í frumkvöðlafræði með Aidan King

Dagana 24. og 25. nóvember stendur MBA námið við Háskóla Íslands fyrir opnu námskeiði í frumkvöðlafræði undir handleiðslu Aidan King. Reynt verður að varpa ljósi á hin fjölmörgu og spennandi verkefni sem frumkvöðlar glíma við auk þess verður farið yfir ýmislegt varðandi fjármögnun á nýjum fyrirtækjum. Nánari upplýsingar og skráning á [esterg@hi.is](mailto:esterg@hi.is). Gjaldið er krónur 30.000.

Gögn fyrir ráðstefnu: Allir sem hafa skráð sig og greitt námskeiðsgjaldið fá afhenta möppu með efni til lestrar 22.-24. nóvember á þjónustuborðinu í Gimli. Ákjósanlegt er að búið sé að kynna sér efnið fyrir námskeiðið.

